

11. desember 2020


Hjólreiðaáætlun: Hlaupahjólastandar við grunnskóla í Reykjavík - tillaga

Á síðustu árum hefur hjólastæðum við grunnskóla og frístundaheimili borgarinnar verið fjölgað verulega í takti við áherslur Hjólreiðaáætlunar 2015-2020 og aukna eftirspurn.

Lagt er til að grunnskólum borgarinnar verði, í samstarfi USK við Skóla- og frístundasvið, boðið að setja jafnframt upp sérstaka standa fyrir hlaupahjól nemenda og starfsfólks. Kostnaður skólanna við kaup á stöndum fyrir hlaupahjól og uppsetningu þeirra verði greiddur af fjármunum hjólreiðaáætlunar líkt og verið hefur við fjölgun hjólastæða við skóla. Gert verði átak í uppsetningu hlaupahjólastanda við grunnskóla vorið 2021. Kallað verði eftir umsóknum frá áhugasömum skólum í samstarfi við SFS, frestur til skila á umsóknum verði til 1. mars.

Gera má ráð fyrir að fyrir hvern skóla, m.v. reynslu Laugarnesskóla, geti kostnaður við numið um 900 þús. kr. (m.v. tvo standa). Heildarkostnaður gæti því numið 30-35 m.kr. m.v. tvo standa við hvern grunnskóla í borginni að jafnaði.

Á myndum að neðan má sjá nýleg hlaupahjólastæði við Laugarnesskóla og nýleg hefðbundin hjólastæði við Hagaskóla.



f.h. stýrihóps um mótun Hjólreiðaáætlunar 2021-2025

Þorsteinn R. Hermannsson
Samgöngustjóri